



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík
umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 15. apríl 2026

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun (vindorka og verndarflokkur)

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun (vindorka og verndarflokkur). Samtökin leggja til breytingar á frumvarpinu.

Frumvarpið felur í sér að virkjunarkostir í vindorku verði meðhöndlaðir innan ramma laga um verndar- og orkunýtingaráætlun. Í athugasemdum í greinargerð kemur fram að lögfest verði mikilvæg viðbótarskilyrði fyrir vindorku vegna sérstöðu hennar. Eru þannig í frumvarpinu lagðar til ákveðnar takmarkanir á hagnýtingu vindorku á tilteknum svæðum umfram aðra orkukosti, auk þess sem skilgreind eru tiltekin viðbótarsjónarmið og áherslur við mat á virkjunarhugmyndum til nýtingar vindorku.

Lagaumgjörð vindorkukosta

Ferli laga um verndar- og orkunýtingaráætlun hefur verið gagnrýnt fyrir að vera þunglamalegt og staðið í vegi fyrir grænni orkuöflun. Alþingi samþykkti nýverið lagafrumvörp sem eiga að stuðla að einföldun regluverksins, aukinni skilvirkni og tryggja að unnið sé að stefnu stjórnvalda um öflun raforku en óljóst er hvaða árangri þau munu skila. Ljóst er að þau munu ekki koma í veg fyrir að málsmeðferðartími Alþingis dragist óhóflega enda gilda þingskaparlög um starfshætti þingsins og því eru ekki sérstakir tímafrestir á málsmeðferð þess. Þá er ótalin 6 ára frestur sem gert er ráð fyrir að sveitarfélög hafi til að aðlagja skipulagsáætlanir sínar að rammaáætlun. Samtökin telja óljóst hvort löggjöfin samræmist tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (REDII). Þá hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) haft löggjöfina til skoðunar.

Takmarkanir á hagnýtingu vindorku

Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi á að afgreiða vindorkukosti á grundvelli laga um verndar- og orkunýtingaráætlunar með frekari takmörkunum en á við um vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir. Samtökin skiluðu umsögn um drög að frumvarpinu á samráðsgátt þar sem athugasemdir voru gerðar við þær takmarkanir á hagnýtingu vindorku sem drögin fólu í sér, m.a. hve stór landsvæði væru fyrir fram undanskilin hagnýtingu vindorku og að vindorkukostir ættu að vera undanskildir meginreglu laga um verndar- og orkunýtingaráætlun að áætlunin sé



bindandi gagnvart sveitarfélögum. Tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda að einhverju leyti og telja samtökin það mjög til bóta. Samtökin telja þó tækifæri til að gera betur.

Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um sérstök sjónarmið við mat virkjunarhugmynda til nýtingar á vindorku. Skal verkefnastjórn nánar tiltekið horfa til eftirfarandi þátta:

- a) hvort viðkomandi sveitarfélag hafi lýst yfir formlegri afstöðu til virkjunarhugmyndarinnar og hvaða sjónarmið liggi til grundvallar. Jafnframt skal litið til umsagna nálægra sveitarfélaga hafi virkjunarhugmynd áhrif á hagsmuni þeirra,
- b) hvort virkjunarhugmyndin sé til þess fallin að efla raforkuöryggi og falli að gildandi þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku,
- c) hvaða áhrif virkjunarhugmyndin hefði á atvinnu- og byggðapróun, einkum á svæðum sem standa frammi fyrir áskorunum í byggðamálum samkvæmt gildandi byggðastefnu og aðgerðaáætlun,
- d) hvort virkjunarhugmynd sé innan marka miðhálendislínu samkvæmt gildandi landsskipulagsstefnu, en innan hennar skal sérstaklega litið til þess hvort slíku svæði hafi þegar verið raskað vegna orkuvinnslu eða uppbyggingar flutningskerfis raforku,
- e) hvort virkjunarhugmyndin sé að öðru leyti á röskuðu svæði, þ.e. svæði þar sem landnotkun eða mannleg umsvif hafa breytt landi frá upprunalegu náttúrulegu ástandi þess.

Samtökin telja engin rök fyrir því að lögfesta sérstök sjónarmið fyrir vindorkukosti umfram aðra kosti og leggja til að ákvæðið verði fellt út.

Samtökin gerðu í fyrri umsögn athugasemd við hve stór svæði væru fyrirfram útilokuð frá hagnýtingu vindorku og töldu svo umfangsmiklar takmarkanir ekki standast ákvæði 72. og 65. gr. stjórnarskrárinnar. Frumvarpið hefur tekið breytingum og þau svæði sem nú eru tilgreind eru svæði á B-hluta náttúruminjaskrá, Ramsar-svæði og svæði á heimsminjaskrá UNESCO auk svæða sem tilnefnd hafa verið á skrána. Samtökin gera ekki athugasemd við takmörkun hagnýtingar vindorku á slíkum svæðum en leggja til að tilnefnd svæði verði felld út.

Kostir vindorku

Samtökin hafa um árábil varað við því ójafnvægi sem hefur myndast á milli framboðs og eftirspurnar á raforkumarkaði þar sem framleiðsla hefur ekki haldið í við vöxt og viðgang samfélagsins. Framangreindur vandi hefur leitt til hærra raforkuverðs¹ og skerðinga á raforku með tilheyrandi áhrifum á samkeppnishæfni fyrirtækja og útflutningstekjur. Í nýlegri orkuspá Landsnets, Raforkueftirlitsins og Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að orkuskipti þurfi að ganga mun hraðar en grunnsþá gerir ráð fyrir til að Ísland nái loftslagsmarkmiðum sínum.

Nýlegar náttúruhamfarir hafa leitt til óvissu í raforkumálum og sýnt fram á nauðsyn sveigjanleika og fjölbreytni innan kerfisins. Með fjölbreyttum raforkukostum eykst viðnámsþróttur raforkukerfisins gagnvart ófyrirséðum áföllum. Raforka gegnir enn fremur lykilhlutverki í þeim orkuskiptum sem fram undan eru.

Ísland býður upp á kjöraðstæður fyrir vindorkuver með meðalvindhraða víða yfir 10 m/s í 80 m hæð. Vindorkuver má byggja hratt og áhrif þeirra eru að mestu afturkræf. Vindorka nýtist enn fremur við framleiðslu á vetni, sem er talið mikilvægt til að ná loftlagsmarkmiðum, og framleiða

¹ [Raforkuskortur leitt til verðhækkana | Fréttasafn | Samtök iðnaðarins - íslenskur iðnaður](#)



má með sveiflukenndu rafmagni. Þrátt fyrir framangreinda kosti, þá stöðu sem er uppi í raforkumálum og markmið Íslands í loftlagsmálum er einungis eitt vindorkuver áformað.

Samtökin hvetja þingið til að gera breytingar á frumvarpinu þannig að málsmeðferð vindorkukosta verði ekki þyngri en annarra virkjanakosta.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins


Guðný Hjaltadóttir
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði